

LISTIR

Enn af Þrándi Hreini

BÓKMENNTIR

Skáldsaga

MEIRA VIT

eftir Þorstein Marelsson, Mál og menning 1994. 164 bls.

UNGIR lesendur halda áfram að fylgjast með þroska og vexti hins unga og upprennandi skálds Þrándar Hreins í þriðju frásögn Þorsteins Marelssonar af hugsuðinum unga. Sagan heitir Meira vit og víst er að Þrándur hefur vitkast töluvert frá því í fyrri bókunum tveimur. Hann er samt í töluverðu uppnámi þegar sagan hefst enda kannski ekki nema von því hann hefur þurft að skilja við kærustuna Ósk fyrir austan til þess að sækja fjölbrautarskóla í borginni. Ekki bætir heldur hugarástandið að til stendur að Ósk flytjist með fjölskyldu sinni til Danmerkur. Ofan á allt bætist svo að foreldrar Þrándar hafa ákveðið að skilja og Helga systir hans og vandræðagæmliurinn Benni kærastinn hennar halda áfram að baka sjálfum sér og sínum nánustu vandræði.

Þrándur vill öllum vel og er gjarn

á að taka vandamál annarra inn á sig. Sú viðleitni veldur því að hann veit um tíma ekki sitt rjúkandi ráð. Hann reynir að kryfja samband sitt við Ósk til mergjar og verður að lokum svo viðþolslaus að komast til hennar að hann er tilbúinn til að gera nærri hvað sem er til að vera með henni. En samviskan nagar og eins gott að ekkert verður úr fyrri áformum. Eins og í öllum góðum bókum virðist allt að lokum fara á hinn besta veg.

Ja, reyndar ekki alveg allt. Ein saga á augljóslega ekki eftir að fara vel. Sú augljósa staðreynd felur að mínu mati í sér einn mesta kost sögunnar. Hún hefst þar sem aðrar sögur enda. Strákurinn er búinn að hitta stelpuna eða öfugt. Þau eru búin að sofa saman. En hvað gerist þá? Ósk finnst hún eðlilega of ung til að bindast. Öðru máli gegnir um Lísu og Palla, æskunum Þrándar. Þau hætta í skóla.



Þorsteinn Marelsson

hefja sambúð og til að byrja með öfundar Þrándur þau. En ekki er allt sem sýnist. Palli fer að drekka úr hófi og leggur hendur á Lísu. Ofan á ástandið bætist svo að Lísa verður ólétt og getur ekki leitað til foreldra sinna því þeir eru að skilja. Því miður verður við vör við alltof mörg svipuð dæmi um heimilisofbeldi í raunveruleikanum og einmitt þess vegna ætti ekki að úthýsa þeim úr unglingabókum. Ekki frekar en eitru-

lyfjavandanum. Þrátt fyrir að hann sé þegar orðinn staðreynd í íslensku þjóðfélagi er of oft farið með hann í felur á þessum vettvangi. Þó undantekningarnar séu til eins og í sögunni af Þrándi þar sem skilaboðin til unglinganna eru, eins og þau ættu að vera, augljós: eitruð geta aldrei gert annað en illt.

Þrándur með sinn Jónas Hallgrímsson og Fjölnismenn á heilanum er óneitanlega dálítið sér á báti

og eflaust mætti gera athugasemd við hvað hugsanagangur hans minnir um margt á hugsanagang eldri manns, líkast til af kynslóð föður hans. Hann hefur fremur íhaldssama afstöðu til kvenhlutverksins og kann ekki að meta sömu tónlist og félagar hans, svo dæmi sé tekið. Samt er Þrándur skemmtilegur og íhaldssöm gildi geta staðið fyrir sínu eins og sannast með afstöðu hans til sambands þeirra Óskar. Sérstaða söguhetjunnar felur líka í sér þann kost að hún sýnir unglingum fram á að þeir þurfi ekki endilega að gera alltaf eins og hinir. Það er allt í lagi að vera aðeins öðruvísi og allt í lagi að skipta um skoðun.

Eftir því sem líður á söguna minnkar óeirðin í Þrándi og að lokum virðist hann vera kominn í ákveðið jafnvægi. Hann hefur þroskast og hann gerir sér grein fyrir því að honum er ofviða að bjarga heiminum. Þó sárt sé að sjá á eftir gömlum vin getur slík ákvörðun ekki alltaf verið umflúin. Mestu máli skiptir að varðveita sjálfan sig og hugsa um sína. Eins og áður segir felst meginkostur sögunnar í raunsegi hennar. Þrátt fyrir það er atburðarásin hröð og sagan skemmtileg áflestrar. Hún stendur ágætlega ein og er alls ekki síðri en hinar tvær.

Anna G. Ólafsdóttir.

Listasafn Íslands

Síðasta sýningarhelgi á verkum Ásgerðar

LISTASAFN Íslands hefur tekið þá stefnu að velja verk starfandi listamanna til kynningar og er þessi sýning önnur í röðinni.

Með sýningunni gefst tækifæri til að kanna stöðu hennar í íslenskrri myndlist og þar með áréttu brautryðendastarf hennar á sviði nútíma veflistar, segir í kynningu.

Verkin eru 13 að tölu og flest unnin á síðastliðnum 10 árum. Myndlist Ásgerðar hefur vakið athygli og staðfest styrk listakunnar á sviði klassískrar abstraksjónar og skipað henni í röð helstu listamanna okkar í dag. Með öguðum vinnubrögðum sem lúta lög- málum vefsins auk efnisins, ullar og hrosshára, tekst henni að laða fram þokka og mýkt þrátt fyrir konstruktífa uppbyggingu verka, segir enn fremur í kynningu.

Sýningunni lýkur nk. sunnudag og er opið frá kl. 12-18.

Opið bókmenntakvöld á Kaffi Reykjavík

TVÖ ný bókmenntatímarit hafa litið dagsins ljós á þessu hausti; Andblær sem flytur frumsaminn skáldskap og draumbókmenntir og Jón á Bægisá sem er tímarit þýðenda og birtir þýddar sögur og ljóð, auk fræðilegra greina um þýðingar og þýðendur.

Útgefendur beggja rita hafa ákveðið að kynna þau sameiginlega á opnu bókmenntakvöldi á Kaffi Reykjavík (í Konráðsstofu, niðri) í dag, fimmtudag, kl. 20.30.

Dagskrá: Andblær: Bjarni Bjarnason ritstjóri kynnis ritið. Gunnar Hersveinn, Steinunn Ásmundsdóttir og Þórarinn Torfason lesa úr efni þess. Jón á Bægisá: Ingibjörg Haraldsdóttir kynnis en Þorsteinn Gylfason og Karl Guðmundsson lesa upp. Sigríður Friðjónsdóttir syngur texta í þýðingu Kristjáns Arnasonar við lög eftir Mikís Þeodorakís við undirleik Halldórs Ólafssonar gítarleikara.

Gleðileg íslensk jól
—já takk

ora

Egils
... að sjálfsögðu!